



Every Road Travel (ERT)

Ferð til Bretagne og Normandí 28. september til 6.október 2024

*Skógar, garðar og tengsl við franska sjómenn
í Vestur-Frakklandi*



Dagskrá ferðar

Laugardagur 28. september | Flug til Parísar

Brottför frá Keflavík flug FI 542 kl. 7:40. Mæting í Leifsstöð í síðasta lagi 2 klst. fyrir brottför. Lending í á Charles de Gaulle flugvelli í París kl. 13:05 að staðartíma. Haldið út í rútu og ekið af stað.

Fljótlega eftir brottför verður stoppað til að kaupa nesti áður en ekið verður í u.þ.b. 3 tíma til Jardin Le Vasterival garðsins.

Jardin Le Vasterival. Yndisgarður sem vert er að sjá. Garðurinn er opinn allt árið og er áhugaverður fyrir fjölbreytileika gróðurs. Góður tími gefinn til skoðunar. <https://vasterival.fr/en/>

Frá garðinum verður haldið til Hotel Aguado í Dieppe^{3*}. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn). <https://www.hoteldieppe.com/en/>



Sunnudagur 29. september | Étretat

Dagurinn hefst á gönguferð upp að kastalanum í Dieppe. Því næst verður ekið til Étretat, þar sem byrjað verður á hádegisverði og svo farið í Les Jardins d'Étretat garðinn.

Les Jardins d'Étretat. Nútímagarður í 20. aldar stíl sem sameinar garðyrkju, list og arkitektúr. Til að komast í garðinn verður að ganga frá miðbænum eða taka litla lest sem fer reglulega á milli.

Möguleiki á gönguferð meðfram alabastur klettum og strönd eftir garðinn. <https://en.normandie-tourisme.fr/unmissable-sites/etretat/>

Haldið á Hotel Dormy House^{3*} í Étretat. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn). <https://www.dormy-house.com/>



Mánudagur 30. september | Eplarækt og Saint-Malo

Heimsókn til eplaræktenda, sem framleiðir hinar ýmsu afurðir úr eplum. Möguleiki á hádegisverði á staðnum. *La Ferme de Billy*. <https://www.ferme-de-billy.com/en/cider-mill/>

Haldið til Saint-Malo. Falleg borg sem er meðal annars þekkt fyrir romm og sjóræningja. Frjáls tími til að ganga um og skoða borgina. Möguleiki á að heimsækja Fort National í Saint Malo ef flóð og fjara leyfir.

Haldið til Paimpol þar sem gíst verður næstu þrjár nætur á Hotel Les Hauts de Kerano^{3*}. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn). <https://les-hauts-de-kerano.com/>



Þriðjudagur 1. október | Tengsl franskra sjómanna við Íslandstrendur

Dagur í Paimpol. Gengið um borgina og hægt að kíkja á bændamarkað sem er þar einu sinni í viku – landbúnaðarvörur framleiddar á svæðinu.

Fundur með Grunda.Pol félaginu, um vinabæjarsamskipti milli Paimpol og Grundarfjarðar <http://grundapol-france.fr/>, <https://www.ville-paimpol.fr/contacts/grunda-pol/>

Kíkt á Sjóminjasafnið og skoðuð tengsl Íslands við Paimpol. <https://museemerpaimpol.fr/>


Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn)



Miðvikudagur 2. október | Skógar í Côtes d'Armor

Dagur helgaður skógum, landslagi, náttúruvernd og menningu í Côtes d'Armor sýslu.

Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn).



Fimmtudagur 3. október | Eikar- og laufskógar í Finistère

Heimsóknir í ýmsa skóga í SV-hluta Bretagne.

Haldið til Quimper þar sem gist verður á Hotel Mercur Quimper Centre^{4*}. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn). <https://all.accor.com/hotel/1421/index.en.shtml>

Föstudagur 4. október | Brocéliande skógurinn

Ekið til Brocéliande skógarins og degi eytt þar. <https://www.brittanytourism.com/destinations/the-10-destinations/destination-broceliande/the-forest-of-broceliande/>

Ekið síðdegis til Rennes þar sem gist verður á Hotel Ibis Rennes Centre Gare Sud DM^{3*}. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn). <https://all.accor.com/hotel/3450/index.en.shtml?>



Laugardagur 5. október | Perche garðurinn, saga og matur

Heimsókn í Perche garðinn – hús, herragarður, skógur og tjarnir. <https://www.parc-naturel-perche.fr/en/le-parc-en-action-english-2/welcome-to-the-maison-du-parc>

Ekið til Parísar og komið til Versala. Gisting á Ibis Versailles Château. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn).

https://all.accor.com/hotel/1409/index.en.shtml?utm_campaign=seo+maps&utm_medium=seo+maps&utm_source=google+Maps

Sunnudagur 6. október | Versalagarður og heimferð

Heimsókn í Chèvreloup trjásafnið í Versöllum, eitt stærsta trjásafn Frakklands, sem skipulagt er eftir heimsálfum. <https://www.arboretumdeversailleschevreloup.fr/en>


Hópnum verður skipt í tvennt til að skoða Versali og garðinn.

Hádegisverður í garðinum (innifalinn).

Brottför til Charles de Gaulle flugvallar og flug til Keflavíkur með flugi FI 541 kl. 22:00. Áætluð landing kl. 23.55 að íslenskum tíma.



Meginleiðir ferðarinnar



Verð og greiðslufyrirkomulag

Verð á mann í tveggja manna herbergi er kr. 365.000

Verð á mann í eins manns herbergi er kr. 415.600

Staðfestingargjald er 80.000 á mann sem greiðist strax og sæti hefur verið staðfest.

ATHUGIÐ! Ekki er hægt að fá staðfestingargjald endurgreitt. Önnur greiðsla er 4. mars, kr. 130.000 á mann. Lokagreiðsla er 19. júlí 2024 (155.000 kr. á mann f. 2ja, 205.600 kr. á mann fyrir 1 manns).

Til að bóka í ferðina þarf að senda tölvupóst til eliza@ert.is með beiðni og bíða eftir staðfestingu. Greiða þarf staðfestingargjald inn á reikning 301-26-010154, kt. 420217-1880 um leið og ferð er staðfest. Vinsamlegast sendið greiðslustaðfestingu á eliza@ert.is.

Greitt er fyrir ferðina með Visa og Master korti ferðaskrifstofunnar. Farþegar eru tryggðir þar sem greitt er með kortum og gilda ferðatryggingar þeirra eigin korta.

Hafið samband:

Elíza Guðmundsdóttir, s. 897-0823 eliza@ert.is

Innifalið

- ✓ Flug
- ✓ Ein ferðataska 23 kg og ein taska í handfarangri 10 kg (55 x 40 x 20 cm)
- ✓ Flugvallarskattar
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu
- ✓ Íslensk fararstjórn
- ✓ Kvöldverðir þar sem það á við
- ✓ 1 hádegisverður

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur
- ✓ Hádegisverðir nema þar sem það á við
- ✓ Þjóf fé

Fararstjóri: Elisabeth Bernard, s. +354 783-9531

Er menntaður mannfræðingur frá Frakklandi og starfsmaður Skógræktarfélags Íslands. Bretagne eru hennar heimaslóðir, svo hún þekkir vel til.

Hópstjóri: Brynjólfur Jónsson, s. +354 820 2113

Er menntaður skógfræðingur og leiðsögumaður og hefur staðið að mörgum fræðsluferða Skógræktarfélags Íslands allt frá árinu 1992.